

Nefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um
ímynd ellinnar og þess að starfa með öldruðum

Ímynd ellinnar og þess að starfa með öldruðum

Áfangaskýrsla - Tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

ANNA BIRNA JENSDÓTTIR, AÐALSTEINN GUÐMUNDSSON, BIRNA K. SVAVARSDÓTTIR, JÓHANN ÁRNASON,
SIGPRÚÐUR INGIMUNDARDÓTTIR, VILBORG INGÓLFSDÓTTIR, ÞÓRUNN SVEINBJÖRNSDÓTTIR

REYKJAVÍK, 30.OKTÓBER 2000

Nefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um ímynd ellinnar og þess að starfa með öldruðum

Inngangur

Nefnd skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur skoðað hvernig bregðast megi við vaxandi þörf fyrir fólk til starfa í öldrunarþjónustu. Sérstaklega hefur verið litið til þeirrar ímyndaðar sem ellin hefur í samfélaginu og viðhorfum til þess að starfa með öldruðum.

Íslendingar þurfa að búa sig undir að sjá til þess að nægt starfsfólk sé til staðar til að annast öldrunarþjónustuna. Nú þegar ber á skorti á starfsfólki, sérstaklega á Stór- Reykjavíkursvæðinu. Brýnt er að snúa þeirri þróun við, til að tryggja gæði öldrunarþjónustunnar og að hún haldi áfram að byggjast upp eins og best verður á kosið. Tryggja verður að aldraðir fái bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, á hverjum tíma í samræmi við lög. Stuðla ber að því að markmið laga um málefni aldraðra verði höfð í hávegum, þannig að aldraðir geti búið sem lengst heima með stuðningi aðstandenda sinna og heilbrigðis- og félagsþjónustu eftir því sem við á. Stofnanavistun ber að líta á sem síðasta valkost, en tryggja þeim góða hjúkrunar- og lækniþjónustu sem þar þurfa að dvelja.

Nefndin hefur á undanförmum vikum fundað með starfsfólki og íbúum öldrunarstofnana. Ennfremur hefur nefndin hitt starfsmenn stéttarfélagsins Eflingar. Fram hefur komið að það er afar gefandi að starfa með öldruðum. Í því samstarfi kynnast þeir sem yngri eru reynslu þeirra sem eiga að baki margvíslegar og langar lífsgöngur, og búa iðulega yfir einstæðum þroska og visku sem ekki verður kynnst annars staðar. Rannsóknir hafa sýnt að persónuleiki fólks þróast í jákvæða átt með háum aldri, og einkennist hann oftast en ekki af þroskuðu tilfinningalífi og þolinmæði sem þeir sem yngri eru hafa ekki náð að tileinka sér. Það eru því einstök tækifæri sem felast í því að eiga kost á að starfa með öldruðum, hvar sem er í öldrunarþjónustunni. Starfsfólk þykir almennt starfi sínu vaxið, en búi við mikið vinnuálag og lág laun. Aldraðir sakna þess að svigrúm til að setjast niður og spjalla er lítið.

Fjölbreytni öldrunarþjónustunnar eru mikil og atvinnutækifæri mörg. Má þar nefna allt frá því að vinna með einstaklingi eða hjónum á þeirra eigin heimili, starfa í þjónustumiðstöðvum, þjónustuíbúðum, dagþjónustuúrræðum, sjúkrahúsum og á hjúkrunarheimilum. Störfin eru mjög fjölbreytt, s.s. störf við matartilbúning og framreiðslu, ræstingu, þvott, hjúkrun, lækniþjónustu, sálfræðiþjónustu, talþjálfun, sjúkráþjálfun, iðjuþjálfun, tannheilsuvernd, listmeðferð, tónlistarmeðferð, slökun, leikfimi, sund, handavinnu, smíðar, hvers kyns afþreyingu, félagsráðgjöf, sálgæslu, prestþjónustu og bókasafnsþjónustu.

Nefndin leggur á það áherslu að stuðla beri að vitundarvakningu meðal almennings og ekki síst yngri kynslóða, þar sem leitast verður við að opna augu fyrir þeim forréttindum að starfa með öldruðum og þeim tækifærum sem í öldrunarþjónustunni bjóðast. Endurskoða þarf verðmætamat umönnunarstarfa og efla stuðning við innra starf. Tillögur þess efnis fara hér á eftir.

Nefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um ímynd ellinnar og þess að starfa með öldruðum

Tillögur 1. Aðgerðir nefndar HTR 2000-2001

1. Nefnd HTR, fundar með starfsfólki öldrunarstofnana, starfsfólki stéttarfélaga, öldruðum vistmönnum.
2. Framkvæmd verði viðhorfskönnun meðal almennings á vegum nefndarinnar, leitað verður til Gallup eða Félagsvísindastofnunar.
3. Auglýsingaherferð verði hrunðið af stað. Aðstoð keypt frá auglýsingastofu. Markhópur er almenningur. Keyptar verða auglýsingar á strætisvagna, fléttisþjöld, og skjáauglýsingar. Hugsanlegir samstarfsaðilar eru sveitarfélög s.s. Reykjavíkurborg, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Seltjarnarnes.
4. Heimasíða HTR. Nefndin fái inni á heimasíðu HTR í samvinnu við upplýsingafulltrúa. Þar verði greint frá aðgerðum nefndarinnar. Þar með talið markmiðum, dagbókarannálar um gildi starfa með öldruðum, ýmsum tölulegum upplýsingum um öldrun, þjónustu og gæði. Faggreinasafn með uppbyggjandi greinum. Tenging verður á þessa upplýsingaveitu frá heimasíðum markhópa og tengdra aðila s.s. Grunn- og framhaldsskóla, háskóla, Landlæknisembættis, Öldrunarráðs Íslands, Samtaka aldraðra, öldrunarstofnana, sjúkrahúsa, stéttarfélaga, öldrunarfélaga og fjölmiðla.
5. Ráðstefna haldin í samvinnu við hagsmunaaðila 30. nóvember 2000. Aðstandendur ráðstefnunnar yrðu nefndin fyrir hönd Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, Öldrunarráð Íslands, Deild hjúkrunarforstjóra innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag stjórnenda í öldrunarþjónustu, Félag íslenskra öldrunarlækna, Sjúkraliðafélag Íslands, Efling og Landssamtök aldraðra. Yfirskrift ráðstefnunnar er „Verðmæti umönnunar fyrir íslenskt samfélag. Öldrunarþjónusta samábyrgð þjóðarinnar“. Markmiðið er að benda á að aldraðir og öldrun kemur öllum við, aldraðir eru til í öllum fjölskyldum og vonandi náum við öll að eldast. Þar að lútandi bera Íslendingar allir ábyrgð á að standa vörð um ellina, og öldrunarþjónustuna. Í því felst að tryggja nauðsynlegt fjármagn og mannafla, svo reisn haldist þrátt fyrir fötlun og þörf fyrir umönnun. Boðað yrði til fjölmiðlafundar í tengslum við ráðstefnuna þar sem viðstaddir væru: Ráðherra, nefnd HTR, ásamt undirbúningsnefnd ráðstefnunnar. Ennfremur yrði ráðstefnan sérstaklega markaðsett í útvarpi og sjónvarpi.
6. Nefnd HTR hefði yfirsýn um hvað væri vel gert varðandi styrkingu á ímynd ellinnar og þess að starfa með öldruðum. Nefndin f.h. HTR hefði það fyrir reglu að senda þakkarbréf undirskrifað af ráðherra og formanni til aðila sem stuðluðu að bættri ímynd. Ennfremur kæmi til álita að nefndin myndi vekja athygli á atburðum og fréttaflutningi sem hefði óæskileg áhrif á ímynd ellinnar og þess að starfa með öldruðum.
7. Nefnd HTR myndi funda með ritstjórum helstu fjölmiðla og leita formlega eftir aðstoð þeirra. Sjá nánar tillögur um alhliða markaðsstarf í fjölmiðlum.
8. Nefnd HTR leggur áherslu á eflingu sjálfbóðaliðastarfs í öldrunarþjónustu. Átak verði sett af stað undir yfirskriftinni „Eldri borgarar styðja aldraða“. Samvinnuverkefni öldrunarþjónustunnar við Félög eldri borgara, Rauða Krossinn og deildir eldri félagsmanna innan stéttarfélaga.

Nefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um ímynd ellinnar og þess að starfa með öldruðum

Tillögur 2. Langtímaaðgerðir stjórnvalda

1. Taka saman spá um þörf fram til ársins 2010,2020,2030, þ.e. varðandi hlutfall aldraðra, og háaldraðra (eldri en 85 ára) í samsetningu þjóðarinnar. Ennfremur þyrfti að líta til þess hversu margir af þeim geta búist við að þurfa umönnun á hinum mismunandi þjónustustigum.
2. Vinna að breyttu verðmætamati umönnunarstarfa í tengslum við gerð kjarasamninga. Heilbrigðismálaráðuneyti í samráði við fjármálaráðuneyti og sveitarfélög.
3. Styðja við gerð námsefni fyrir grunnskóla sem nýta má t.d. í „Lífsleikni“ og „Kynslóðirnar mætast“ verkefnum . Unnið í samvinnu heilbrigðismálaráðuneytis og menntamálaráuneytis.
4. Myndbandsgerð til að laða starfsfólk til starfa í öldrunarhjúkrun. Áhersla verður á að markaðssetja vísu, þroska og lífsspeki sem spennandi umhverfi að vinna í. Kostað af Framkvæmdasjóði aldraðra.
5. Átak verði gert í menntunarmálum umönnunarstétta.
 - Vinna þarf að því að fjölga námsplássum í hjúkrunarfræði við háskólana í landinu
 - Vinna þarf að því að starfsfólk í umönnunarstörfum fái metið reynslu sína og símenntunarnámsskeið til tekna í félagliðanám annars vegar og sjúkraliðanám hins vegar. Viðmiðunarreglur þarf að lútandi verði unnar á vegum starfsmenntunarráðs menntamálaráðuneytis í samvinnu við heilbrigðismálaráðuneyti, heilbrigðisstofnanir og stéttarfélög
 - Stuðla þarf að því að menntun sjúkraliða nýtist betur í umönnun aldraðra og að framhaldsnám þeirra verði miðað að þeirri grein heilbrigðisþjónustunnar
6. Áhersla verði á símenntun sem stuðningur við starfsfólk. Unnið verði að því að koma upp fjarfundabúnaði á öllum öldrunarstofnunum landsins. Sótt verði um sérstakt fjármagn til Framkvæmdasjóðs aldraðra og sjóða starfsmenntunarráðs menntamálaráðuneytis til að standa straum að stofnkostnaði.
7. Starfstengt íslenskunámsskeið fyrir erlenda starfsmenn öldrunarþjónustu. Í samræmi við eftirspurn verði tryggt að fjármagn fyrir farandkennslu, seinna fjarkennslu sé til staðar til að mæta stöðugri aukningu erlendra starfsmanna í öldrunarþjónustu. Samvinnuverkefni félgasmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

Tillögur 3. Langtímaaðgerðir öldrunarþjónustu

1. Nefnd HTR sendir stjórnnum öldrunarstofnana erindi með ábendingum um starfsmannavænt vinnuumhverfi:
 - Stofnanir hvattar til að setja sér gæðastaðal um ráðningu nýrra starsmanna og starfsaðlögun þeirra.
 - Áhersla yrði á mannauðinn -hrósstefna tekin upp. Áhersla lögð á að gera árangur starfsins sýnilegan fyrir starfsfólkinu. Áhersla lögð á teymisvinnu og virka upplýsingamiðlun. Áhersla lögð á sveigjanlegan vinnutíma, barnavænt starfsumhverfi og stuðlað yrði þannig að

Nefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um ímynd ellinnar og þess að starfa með öldruðum

breytingum á ímynd vaktavinnu. „Hlúðu að þér “námskeið (sjálfstyrking, heilsurækt og slökun) hluti af starfsumhverfi.

2. Heimilin yrðu opnuð ungu fólki með reglubundnum hætti. Samvinna komið á milli heimilis og skóla. Áherslur í námsheimsóknum væru hversu gefandi starfsumhverfið sé, mannbætandi og heillandi. Íbúar heimilanna tækju þátt í þessum heimsóknum eftir atvikum.
3. Áhersla verði á símenntun í öldrunarfræðum og sem stuðningur við starfsfólk. Ennfremur verði staðið að starfstengdum íslenskunámskeiðum fyrir erlenda starfsmenn. Unnið verði að því að koma upp fjarfundabúnaði á öllum öldrunarstofnunum landsins. Sótt verði um sérstakt fjármagn til Framkvæmdasjóðs aldraðra og sjóða starfsmenntunarráðs menntamálaráðuneytis til að standa straum af stofnkostnaði.
4. Almennigur/aðstandendur. Ein stofnun býður til kynningar sinn hvort mánuðinn í 11 mánuði. Fær þá um leið athygli hverfblaðs og sjónvarps- eða útvarpsstöðva.

Tillögur 4. Alhliða markaðssetning í samvinnu við fjölmiðla

Á fundum nefndar HTR með forstöðumönnum fjölmiðla verði áhersla á eftirfarandi:

Morgunblaðið

- Heimasíða Mbl.is – link á síðu nefndarinnar í HTR
- Dagur í umönnun aldraðra. Sögur sagðar. Greinar sem eru ekki stærri en ein A4 blaðsíða, birtar með reglulegu millibili yfir eins árs tímabil í helgardagbók Mbl. . Markmið með greinunum yrðu uppbyggjandi með áherslu á hvað heillar við að starfa með öldruðum, mikilvægi þess, ávinningur, arðbært starf, samábyrgð. Nefndin sæi um að afla efnis fyrir Mbl.

DV

- Heimasíða Visir.is – link á síðu nefndarinnar í HTR

Dagur

- Heimasíða dagur.is – link á síðu nefndarinnar í HTR

Hverfablöð:

Vesturbæjarblaðið. Hvött til að fjalla um öldrunarþjónustu í hverfi, bæði heimaþjónustu og stofnanarþjónustu. Heimsókn á Landakot og Grund.

Grafarvogsblaðið. Hvött til að fjalla um öldrunarþjónustu í hverfi, bæði heimaþjónustu og stofnanarþjónustu. Heimsókn á Eir, Foldabæ.

Kópavogur. Hvött til að fjalla um öldrunarþjónustu í hverfi, bæði heimaþjónustu og stofnanarþjónustu. Heimsókn á Sunnuhlíð og sambýli.

Breiðholtstíðindi. Hvött til að fjalla um öldrunarþjónustu í hverfi, bæði heimaþjónustu og stofnanarþjónustu. Heimsókn á Skógarbæ – Seljahlíð.

Nefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um ímynd ellinnar og þess að starfa með öldruðum

Sveitarfélagsblöð. Hvött til að fjalla um öldrunarþjónustu í sveitarfélagi, bæði heimaþjónustu og stofnanarþjónustu.

Útvarps- og sjónvarpsstöðvar – dagskrárliðir sem leitað verður til, með umfjöllun

Samfélagið í nærmynd rás 1 RÚV., morgunpáttur Rásar 2, milli mjalta og messu, kastljós, Ísland í dag, í býtið, fréttir o.s.frv.